

PRÝÐI (18.10.2014–25.1.2015)



Anna María Sveinbjörnsdóttir (1961)

Tveir menn / *Two men*, 2014

Gull og hvítagull / *Gold, white gold*



Arna Arnardóttir (1971)

Magdalena, 2014

Silfur og handgerður þrykkur pappír / *Silver and handmade paper*



Ása Gunnlaugsdóttir (1968)

Vor / *Spring*, 2014

Silfur, gull, period, svartur spinel / *Silver, gold, period, black spinel*

Málmarnir sem gullsmiðir vinna með eru dýrmætir og því hefur öllu efni sem fellur til verið safnað saman, geymt og síðar endurunnið. Gamlir gripir eru bræddir upp og nýsmíði unnin úr þeim. Ég safna svarfi, afklippum og hlutum til að endurvinna. Þegar ég fyrir nokkrum mánuðum síðan var að fara yfir efni fyrir endurvinnslu ákvað ég að taka til hliðar „bjarga“ armböndum sem stóð til að bræða upp. Í vinnuferlinu á hringjunum fimm, eru notuð form úr armböndunum sem stóð til að bræða. Ég gef þeim nýtt líf í skarti sem þau voru ekki upphaflega ætluð. Ég leik mér með formin án þess að breyta þeim á nokkurn hátt. Raða þeim saman á nýjan leik, leyfi forminu sjálfu að ráða ferð.



Ásgeir Reynisson (1960)

Servíetturhringur / *Napkin ring*, 2014

Silfur / *Silver*

Servíetturhringur ársins er verkefni sem hófst 2005. Ákveðið var að þeir skyldu skarta blómum úr flóru landsins. Á fyrsta hringnum var þjóðarblómið, Holtasóley. Nú á tíunda hringnum er það Geldingahnappur sem prýðir hringinn. Hugmyndin er að þeir verði 12 og tveir eiga því eftir að líta dagsins ljós, ef guð lofar.



Ásmundur Kristjánsson (1969)

Sprotaskart / *Filigree finery*, 2014

Silfur / *Silver*

Gripurinn er unnin eftir hluta af sprotabelti. Hugmyndin er fengin úr teiknibók Sigurðar Guðmundssonar, málara og Sigurðar Vigfússonar, fornfræðings og gullsmiðs. Þeir félagar hönnuðu og smíðuðu skart á íslenska búninga og sprotabelti eftir teikningu þeirra var borið við einn af fyrstu skautbúningunum sem saumaður var um 1860-1865.

Nafnið *Sprotaskart* hefur tvíþætta merkingu þar sem fyrirmyndin er beltissproti sem nú hefur fengið nýtt hlutverk og er því orðið *sproti* að einhverju nýju sem fær að þróast og dafna í framtíðinni. Þrátt fyrir að hugmynd þeirra féлага sé nú orðin okkur töm, þá var hún ný og djörf fyrir 150 árum þegar þeir vörpuðu fram hugmynd að nýjum íslenskum hátískubúningi byggðum á fornum hefðum. Framtíðin mun síðan leiða í ljós hvernig mín hugmynd á 21. öld byggð á gömlum grunni muni dafna.



Ástþór Helgason (1975)

Rautt / *Red*, 2004 - 2014

Silfur, emelering / *Silver*



Berglind Snorradóttir (1981)

Andstæður / *Opposites*, 2014

Silfur, mugearit steinn, sirkon steinn / *Silver, mugarit stone, zircon*

Fyrir þessa sýningu ákvað ég að vinna með andstæður, og notaði til þess svarta mugearit steina og glitrandi sirkon steina. Þessir steinar eru andstæður á svo mörgum stigum og mér fannst spennandi að leika þeim saman.

Mugearit er svartur, ógegnsær, mattur fjörusteinn sem mótast óreglulega og slípast í hafinu af náttúrunnar hendi. Zirkon steinninn hinsvegar er glitrandi, glær og mótaður í fullkomið, reglubundið form með notkun tækninnar.



Dóra Jónsdóttir (1930)

Víravirkisskart / *Filigree ornament*, 2014

Silfur / *Silver*

Hálsmen, handunnið víravirki sem Íslendingar hafa lifað af að smíða í gegnum aldirnar. Víravirkið lifir enn góðu lífi og tilheyrir ekki bara þjóðbúningnum. Víravirkið er ekki síður tískuskartgripur.



Dýrfinna Torfadóttir (1955)

Lífið er allskonar / *Life is of all kinds*, 2014

Gullhúðað, oxiderað og koparhúðað silfur, resin / *Gold-filled, oxidized and copper-filled silver, resin*

Innblásturinn að hálsmeninu er lífið, ófyrirséð og flókið, stundum slétt og fellt, skrautlegt og litríkt en stöku sinnum hrjúft og kalt. Allt er bundið endurtekningu og hringrás þar til yfir lýkur.



Edda Bergsteinsdóttir (1980)

Of margir kettir / *Too many cats*, 2014

Gyllt og oxiderað silfur / *Gold-filled and oxidized silver*

Mamma viltu teikna fyrir mig kisu? Og aftur og aftur teiknar mamman kisu sem hún síðan teiknar á silfurplötur og sagar út. Þannig urðu fyrstu kisu-hálsmenin til. Þetta var þegar ég var í námi í Gull og silfursmíði við Tækniskólann. Inn í sköpunina fléttast áhugi minn á formfræði og uppbyggingu hluta. Það að skissa fyrst upp hugmyndir af skargripunum mínum og fullvinna þá með tölvuteikningu er leið sem er spennandi, áhugaverð og um leið nútímaleg.

Kisi hefur gengið í gegnum ákveðið þroskaferli hjá mér frá því ég sagaði fyrstu stykkinn út á silfurplötur. Mestar urðu breytingarnar þegar ég fór að kynna mér geometríuna eða fimmhyrnings samhliða formin sem andlit kattar er byggt upp af. Köttinn teiknaði ég að lokum í þrívídd í tölvu. Þar lifnaði hann við og varð endanlega til í þeirri mynd sem hann er framleiddur í.

Framleiðsluferlið sem tekur við þegar hugmyndin er fullmótuð er þannig að tölvuteikningin er send í þrívíddarprentara sem prentar teikninguna út í vax. Eftir vax-módelinu er gerð prótótýpa í silfur sem síðan er notuð til að búa til gúmmímót fyrir fjöldaframleiðslu.



Eggert Hannah (1969)

Án titils / *Untitled*, 2014

Hvítagull, gull, demantar / *White-Gold, gold, diamonds*



Erling Jóhannesson (1963)

Upphaf 2014 / *Beginning 2014*, 2014

Gyllt og oxiderað silfur / *Gold – filled and oxidized silver*

Þetta er form sem hefur gengið aftur og aftur í verkum mínum, líklega má finna uppruna þess einhverstaðar í náttúrunni, þessi eiginleiki náttúrunnar að raða upp í reglu en um leið er í reglunni einhver skekkja sem gefur forminu líf.



Friðrik Freyr Flosason (1977)

Þúfur / *Tussocks*, 2012

Silfur, sítrus steinn, gull / *Silver, citrus stone, gold*

Ég sæki innblástur í gamla víravirkið, afi og amma voru mikið í því. Þetta er mitt innlegg í þá gömlu arfleifð. Ég byggi ofan á og lætur ferlið vera fljótandi. Er t.d. með blómapælingar í hausnum en svo endar þetta svona!



Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir (1969)

Tutti, 2014

Hreindýraklaufir, silfur / *Reindeer hoof, silver*

Armbandidd og hálsmenið *Tutti* er skapað úr klaufum grænleuskra hreindýra og dregur nafn sitt af þeim. Svart skartið er mjúkt og örlitið hruftótt viðkomu.

Innblásturinn fyrir armbandinu var gömul höfðingjagröf búin til úr beinum og gerð af sjálfum höfðingjanum úr samfélagi Inúíta.

Á svörtum áferðamjúkum fleti hálsmensins má greina örmjúkar hvítar og silfraðar línur sem minna á snævaþaktar heiðar Grænlands og jökulröndina.



Guðrún Bjarnadóttir (1960)

Karina, 2014

Gull, demantur, tópas / *Gold, diamond, topaz*

Mig langaði að gera eitthvað óhefðbundið, eitthvað stórt. Formið minnir á form sem getur þanið sig frekar út eða skroppið saman, fallið saman. Heitið vísar í stjörnuþokuna Karina.



Gull- og silfursmiðjan Erna (1924) (Sóley Þórisdóttir (1984))

Jólaskeið / *Christmas spoon*, 2014

Silfur / *Silver*

Jólaskeiðin er hönnuð af Sóleyju Þórisdóttur og hefur hún verið með laufabrauð í huga þegar hún hannaði skeiðina. Þetta er sjöunda skeiðin sem hún hannað og sú síðasta í 12 skeiða röð.

Sóley hefur starfað með Ernu hf allt frá því hún lauk við lokaverkefni sitt í vöruhönnun við LHÍ.

Erna hf hefur ekki sýnt framleiðsluvörur sínar í nokkra áratugi. Að þessu sinni fannst okkur tími til kominn að sýna hvað okkar vinna snýst um þ.e. borðbúnað.



Halldór Kristinsson (1931)

Kokteilhringur / *Cocktail ring*, 1978

Silfur, amethyst / *Silver, amethyst*

Innblásturinn er sóttur í blómaríkið. Hringurinn skal í þessu formi tákna hálf útsprungið aldin og farið frjállega með formið.



Hansína Jensdóttir (1954)

Jökulsárlón, 2014

Silfur, ópall, svart grjót / *Silver, opal, black rock*

Tilfinning fyrir sprungum jökla sem sjást í sjálfu silfrinu. Hrávinnsla, eins og náttúran er. Öll smíðin er hrá. Verkið er unnið í hálfgerðu flæði, vinnst ósjálfrátt áfram.



Haukur Valdimarsson (1965)

Sjónarspil / *Spectacle*, 2014

Silfur / *Silver*

Hver eining í armbandinu er smíðuð með frjálstri aðferð þannig að ekki er um nákvæmlega fyrirfram ákveðið form að ræða heldur ræðst form eftir stemningu líðandi stundar. Innblástur við hönnun er kraftur íslenskrar náttúru samanber yfirstandandi eldgos sem er stórfenglegt sjónarspil og síbreytilegt eftir stað og stund.



Helena Rós Róbertsdóttir (1981)

Elvý, 2014

Silfur, sirkon / *Silver, zircon*

Ævintýri, álfar og huldufólk... dulúð, galdrar, vættir.. heilluð af ævintýralefum munstrum. Elska allt sem glitrar og blikar fallega og þ.a.l. elska ég að nota steina í skartgripina mína.



Helga Ósk Einarsdóttir (1972)

Minjar / *Traces*, 2014

Silfur, ál, slidesmyndir / *Silver, aluminium, slides*

Innblásturinn eru gamlar slidesmyndir og útlínur náttúrunnar þar sem ég ólst upp í sveit sem barn.

Eftir að hafa fengið nokkrar slidesmyndir frá foreldrum mínum ákvað ég að gera concept þar sem skartgripir eru settir upp eins og myndasería. Hugmyndin er að hver og einn hringur sé einstakur og þegar hann er settur upp upplifir maður atvikið eða náttúruna sterkar og eigi þar af leiðandi auðveldara með að upplifa augnablikið.

Hér er um að ræða skartgripaseríu sem endalaust getur haldið áfram að þróast bæði í útfærslu hugmynda varðandi efnisval og útfærslu smíðaaðferðar. Ég hef alltaf verið heilluð af hlutum sem segja sögu og hvert og eitt smáatriði skiptir máli á sinn einfalda hátt.



Inga R. Bachmann (1980)

Borgarhlíð / *Town gate*, 2014

Silfur / *Silver*

Armbandið er innblásið af gömlum miðaldamúrum Barcelona borgar. Höfundur lærði listræna gullsmíði í borginni. Eftir að hafa búið þar í 4 ár þá hefur höfundur unnið með kastala og múra þema í gegnum tíðina. Þetta tiltekna armband er sérstaklega innblásið af ákeðinni ferð til borgarinnar þar sem *Kirkja hafsins* var lesin en í þeirri bók upplifir maður lagaskiptan tíma borgarinnar mjög vel.



Jóhannes Arnljóts Ottósson (1975)

Vættir / *Guardian spirits*, 2014

Silfur / *Silver*

Íslensku vættirnir hafa alltaf heillað mig og þeirra saga, krafturinn í sögunni er eins og krafturinn í íslenskri náttúru og þjóðarstolti. Á hringunum má sjá hvern vætt fyrir sig.



Jón Snorri Sigurðsson (1950)

Rekur maður þetta ekki allstaðar í? / *Don't you bang it into everything?*,

Hver heldurðu að gangi með svona? / *Who do you think would walk around with this?*,

Kemst maður í hanska? / *Can you get into a glove?*, 2014

Eðalstál, mugearit / *Steel, mugearit stone*

Þó um sé að ræða ólík listform þá hefur mér ávallt þótt vera fín lína á milli skúlptúra og skartgripa, og það hefur komið fyrir oftar en einu sinni að þau skarist í hönnun minni. Út frá spurningum og upplifinunum viðskiptavina minna ákvað ég að ganga enn lengra í hönnun minni fyrir 90 ára afmælisýningu Gullsmiðafélags Íslands. Mig langar að vekja fólk til umhugsunar; eru þetta skartgripir eða skúlptúrar?

Í þessum gripum má segja að þar mætist ís og eldur; eðalstálið minnir okkur á kaldan ísinn á meðan mugearit steinninn kemur upp með eldsumbrotum.



Júlía Þrastardóttir (1983)

Nútíma víravirki / *Modern filigree*, 2014

Silfur, sirkon / *Silver, zircon*



Kjartan Örn Kjartansson (1967)

Ramba / *Wobble*, 2004 – 2014
Silfur, sirkon / *Silver, zircon*



Lilja Unnarsdóttir (1976)

Hér og nú / *Here and now*, 2014
Silfur, sirkon, spegill / *Silver, zircon, mirror*

Innblástur höfundar kemur frá því að fólk eigi að njóta andartaksins. Einnig birtist í því ádeila á „útlitsmiðuð markmið“ – fólk á að staldra við og njóta augnabliksins.



Lovísa Halldórsdóttir (1981)

Svartur / *Black*, 2014
Silfur, sirkon / *Silver, zircon*

*Kolsvartir hvassir vængir hafa vafist utanum mig
það er gott að vera inni þeim því
þeir passa mig á undarlega skelfilegan hátt.
öryggi frá óörygginu.
Hjartað berst fyrir því að finna eitthvað annað en ískalt tómahljóð.
það gengur ekkert
því það er slökknáð
.....á mér út af þér*



Olga Perla Nielsen (1978)

Litla flugan / *The little fly*, 2014
Silfur, gullhúða silfur, hraunkúlur / *Silver, gold-filled silver, lava*

Höfundur (Olga Perla Nielsen) tók fyrir eitt viðfangsefni sem notað var sem innblástur. Að þessu sinni var það þjóðþekkt dægurlagið Litla flugan eftir Sigfús Halldórsson. En verkið er einskona verk eða ímynd af flugu.

Lagið er rómantískt og sumarlegt. En flugan sem slík tengjum við við sumarið og blómin og angan af þeim. Höfundur vill með verki sínu minna á sumarið (angan af blómunum) og rómantíkina (sbr. í laginu um *Litlu Fluguna*) og minnst æskudrauma. Menin eru skemmtileg og einföld í formi og það ríkir viss æskuljómi yfir þeim. Sumt í lífinu á ekki að vera flókið heldur bara einfalt og skemmtilegt.



OrriFinn (Helga G. Friðriksdóttir (1981) og Orri Finnbogason (1975))

Fléttað / *Braided*, 2014
Koparvír, bómullarbönd / *Copper wire, cotton*

Verkið er innblásið af fléttum og þeirri athöfn að flétta. Fléttan endurspeglar í raun samvinnuna sem átti sér stað við gerð verksins. Að flétta málma er fjögurra handa verk og krefst þess að vinna náíð saman og í takt. Fléttan hefur fylgt mannum frá örófi alda og í mörgum samfélögum er fléttan notuð sem samsiptatæki og segir þá til um ættir, hjúskapastöðu og samfélagsstöðu þess fléttaða. Fyrir þessa sýningu sameinuðu Orri og Helga fléttuna öðru vel þekktu tákni sem er höfuðkúpan. Flétturnar í verkinu eru því einskona áminningin um hversu margslungið eitt líf er og hve margir samfléttaðir þættir ráða örlögum okkar en höfuðkúpan minnir óneitanlega á hverfuleikann.

Orri og Helga hafa hingað til unnið með tákni í skartgripalínunum sínum og eru núna að vinna að heilli línu út frá fléttunni.



Ófeigur Björnsson (1948)

Án titils / *Untitled*, 1970-1980
Gull, perlur / *Gold, pearls*



Páll Sveinsson (1977)

Dagrenning / *Sunrise*, 2014

Silfur, títan, sirkon / *Silver, titan, zircon*

Hugmyndina að þessu stykki byrjaði að gerjast eftir fyrirlestur Dóru Jónsdóttur gullsmiðs um skautbúning Alexandrínu Danadrottningar, þjóðbúning og skart sem smíðað var á Íslandi úr gulli og gefinn í tilefni heimsóknar konungs og drottningar, fyrrihluta seinustu aldar. Ég var kominn með ákveðna hugmynd út frá myndum Jóhannesar Kjarval, en jafnframt langaði mig að vinna með ákveðna liti og þróa betur skin og áferð.



Rúnar frá Keflavík (1979)

Cosmo Asimov, 2014

Silfur, stjörnusafír / *Silver, star sapphire*

Gripurinn hefur fengið nafnið *Cosmo Asimov* og er unninn upp úr áhuga mínum á vísindum og vísindaskáldsögum. Cosmo er tenging í samnefnda sjónvarpsþáttaröð sem stjörnufræðingurinn Carl Sagan gerði um 1980 (Cosmos). Asimov nafnið er komið frá vísindaskáldsagnahöfundinum Isaac Asimov sem er þekktur m.a. fyrir vélmennaskáldsögur sínar og fyrir að hafa skapað "the three laws of robotics" grundvallar-reglur sem í hans heimi koma í veg fyrir að vélmenni geti skaðað mannkyn á einhvern hátt.

Auk ofangreinds innblásturs að verkinu er ágætt að hafa í huga að hann er undir áhrifum frá ýmsum róbotum sem hafa komið fram í kvikmyndum í gegnum tímann, t.d. Star Wars, Robocop, The day the earth stood still, Hitchhiker's guide to the galaxy, Metropolis, Iron Man, Wall-E og svo mætti lengi telja.



Sif Ægisdóttir (1965)

Til Gerðar / *To Gerður*, 2014

Silfur / *Silver*

Mínir gripir eru innblásnir af verkum Gerðar Helgadóttur, sérstaklega mósaik verkum hennar og steindum gluggum. Ég hef áður mikið unnið með einföld form, leikið mér að því að toga þau og teygja eða aflaga örlítið þ.a. þau virki lífræn eða brjóta þau upp eins og Gerður.

Gerður Helgadóttir notaði mikið frjálslegar línur í verkum sínum og það nýti ég mér í hálsmeni mínu og eyrnalokkum, með mínu nefi þó og ég reyndi að taka tillit til stærðar og lögunar sem skartgripir „þurfa að hafa“ til að vera nothæfir.



Sigmar Ó. Maríusson (1935)

Hrafnar Óðins / *Odin's ravens*, 2014

Nýsilfur, gabbbró, mahóni / *Nickel silver, gabbro, mahogany*

Óðinn á tvo hrafna sem heita Huginn og Muninn og sitja á öxlum hans. Þeir hvísla í eyru honum öllu því er þeir sjá og heyra. En Óðinn sendir þá daglega um heim allan – til fréttu. Þannig verður hann margra hluta vís (úr norænni goðafræði).



Sigrún Sigurjónsdóttir (1978)

Á lofti / *In the air*, 2014

Pýrit, bómullarþráður, silfur / *Iron pyrites, cotton thread, silver*

Ég hef gaman af hreyfingu, hvernig tvívíð skissan breytist í þrívíðan hlut við yfirfærsluna þegar hlutur verður til.

Hér er um að ræða blöndu af ólíkum handverksaðferðum, að einhverju leiti minnir það á vefstólinn, eða brúðuleikhús (þræðirnir).



Sigurður G. Steinþórsson (1947)

Gull og silfur flugan / *The gold and silver fly*, 2014

Hvítagull, gull, silfur, eir, kristall / *White gold, gold, silver, copper, crystal*

Í 25 ár gaf ég sérstakan handsníðaðan verðlaunagrip: Gull og silfurfluguna, Stangveiðifélagi Rvk. til að afhenda fyrir stærsta flugulax veiddan á vatnasvæði félagsins. Þetta var í hvert sinn sérsmíðuð veiðifluga engar tvær voru eins. Í tilefni af sýningu FÍG smíðaði ég enn eitt mólél eintak fyrir sjálfan mig, ásamt veiðistöng úr silfri skreytt með gulli.



Sólborg Sumarrós Sigurðardóttir (1975)

Gullsaumur / *Gold stitch*, 2014

Stál, gull, silfur, eir, látún / *Steel, gold, silver, copper, brass*

Hugmyndin að verkinu kemur úr gömlu veggteppi sem nylátin amma mín saumaði út ca 1945-1950. Á hverjum degi geng ég fram stóru og fallegu veggteppi sem ég erfði eftir ömmu mína, veggteppi sem sem ég hef dáðst að í gegnum árin og man eftir eins og lengi og ég man eftir mér. Veggteppið fékk mig til að hugsa aftur, gamlar og skemmtilegar minningar lifnuðu við og ég fylltist vellíðan.

Í stuttu máli ákvað ég að nota veggteppið og ömmu mína sem inspirasjón.

Ég taldi út ákveðið (mjög lítið...) mótíf úr veggteppinu og saumaði það út í vírum úr gulli, silfri, eir og látúni á vírnet úr stáli.



Stefán Bogi Stefánsson (1955)

60°/90°, 2014

Silfur, blágrýti / *Silver, basalt*

Um sígildan nytjahlut er að ræða þar sem gull-og silfursmiðurinn er trúr hefðbundnum gildum silfursmíðarinnar. Hluturinn er hannaður með það fyrir augum að notagildi, slétt yfirborð efnisins og einfalt form fái að njóta sín. Virðing er borin fyrir efninu, hefðinni og handverkinu. Í þessu verki spila eldurinn, hamarinn og korpus járníð aðalhlutverk, lausnir sem snúa að notagildi og tæknilegri útfærslu skipta þó ekki síður máli. Allt miðar að sama marki: að skapa nútímalegan nytjahlut úr silfri sem lýtur lögmálum sígildrar silfursmíði og sómir sér á hverju heimili.

Heiti teketilsins vísar til 60°halla á stút og handfangi annars vegar og vatnsins sem er 90°heitt hins vegar. Handföngin eru úr íslensku blágrýti sem veitir einangrun frá heitum málminum en skapar um leið með grófleika sínum fallegt mótvægi við skínandi silfrið.



Unnur Eir Björnsdóttir (1980)

Efni býður handa þinna / *Material awaits you*, 2014

Silfur, viður, skrúfur / *Silver, wood, screws*

Innblástur að þessum litla skúlptúr eða „armbandi“ sótti ég til frænda míns Guðmundar Benediktssonar myndhöggvara eða Mumma frænda eins og við köllum hann. Verkin sem ég sótti mest í að þessu sinni eru konstrúksjón verk hans sem hann gerði í kringum 1955 og í tréskúlptúra hans sem hann gerði undir lok ævi sinnar eða árið 1955. Þessi verk heilluðu mig, einfaldleikinn í fyrirrúmi. Mummi bar virðingu fyrir því efni sem hann notaði hverju sinni og fannst mjög mikilvægt að koma heiðarlega fram við það. Nafnið að verkinu mínu er úr vísu sem hann orti um þau efni sem hann notaði mest járníð.



Þorbergur Halldórsson (1961)

Regn / *Rain*, 2014

Hvítagull, demantar, svartir hrádemantar / *White gold, diamonds, black diamonds*

Innblásturinn kemur mest frá námsárunum. Á verkstæðinu sem ég lærði á var nær eingöngu smíðað úr gulli, eðalsteinum og perlum og má segja að þar séu mínar rætur í gullsmíðinni. Í verkinu spinni ég saman háglansandi hvítagullið, hvíta brilliantslípaða demanta og í sterkri andstöðu við þá grófa svarta hrádemanta. Á undanförunum sýningum hef ég verið að leika mér meira með liti t.d. í rafbrynjuðu áli eða emaleringu en í undirbúningi fyrir þessa sýningu langað mig að fara meira í grunnefnin í faginu.

Nafnið kom dóttir mín með henni fannst hrádemantarnir vera eins og dökkt ský og hvítu demantarnir eins og glitrandi dropar að falla.